

Fundur 30. janúar 2017 klukkan 20:00 í matsal skólans.

Mættir voru:

Stjórnarmeðlimir Foreldrafélags Glerárskóla og fulltrúa bekkjarráðanna í skólanum. Mætt var frá öllum bekkjarráðum fyrir utan 6. bekk og 10. bekk. Samtals voru þetta um 20 manns.

Theódóra formaður Foreldrafélagsins fór yfir hvernig röltið fer fram. Stefnt er á að byrja í febrúar 2017 og á skipulagið að vera til 1 árs. Foreldrar 10. bekkinga byrja á vakt og svo koll af kolli niður í 1. bekkjar foreldra.

Mæting er í íþróttahúsinu fyrir vaktina eða um kl. 21:45. Ná þar í poka sem inniheldur sérstök vesti og skráningarblað.

Theódóra formaður tekur að sér að útbúa kynningarbréf sem verður sent í tölvupósti, sett á heimasíðu skólans og facebook síðu skólans. Foreldrar skrá sig á vaktir og bekkjarráð passa uppá að foreldrar skrá sig og að það séu mannaðar vaktir með minnst fjórum á vakt en mega vera fleiri. Þeir sem byrja verða svo að fylla út vaktblaðið skilmerkilega í lok vaktar. Þegar poki í íþróttahúsi er tekinn þarf að kvitta fyrir með nafni og gsm símanúmeri og einnig þegar honum er skilað.

Ritari: Vilborg.